

128

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1942.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. 1 ríkisskuldabréf á	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	— 4.87		
			kr. 5004.87
2. Vextir:			
a. af bankavaxtabréfum	kr. 215.00		
b. af ríkisskuldabréfi	— 22.50		
c. af innstæðu í sparisjóði Sauðárkróks	— 1.41		
			— 238.91
3. Gjöf			— 50.00
			kr. 5293.78

Gjöld:

1. Styrkur veittur 2 sjúklingum	kr. 175.00		
2. Greitt bráðabirgðalán f. f. á.	— 45.00		
3. Eignir í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr. 4500.00		
b. 1 ríkisskuldabréf á	— 500.00		
c. Innstæða í sparisjóði Sauðárkróks	— 73.78		
			— 5073.78
			kr. 5293.78

Sauðárkróki, 12. marz 1943.

Elinborg Jónsdóttir.

Sigríður Sigtryggsdóttir.

Reikning þenna höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir.

Margrét Hemmert.

129

1. júní

REGLUR

um viðskipti talstöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt 10. gr. reglugerðar frá 4. maí 1943, um notkun loftskreytastöðva og talstöðva, eru hér með settar eftirfarandi reglur um rekstur talstöðva í íslenskum skipum.

1. Allt tal frá talstöðvum við eða til manna í landi, beint eða óbeint, er bannað.
2. Öll viðskipti við land fari fram um strandarstöðvar landssímans og sé í skeytaformi. Afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, að kalla á aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu. Má einungis nota þá öldulengd til þess.

Í hvert skipti, sem stöðin er notuð, skal skrá það í dagbók skipsins, hvaða **129**
dag og hvaða stund, hver talar og við hvern og hvaða stöð er talað. (Sjá 6. gr. 1. júní
reglugerðar 4. maí 1943.)

4. Samtöl milli skipa mega **aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar**, er varða **beinlínis fiskveiðarnar**. Er **stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um veður**, beint eða óbeint, með talstöðvum skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð. Enn fremur er óheimilt, að samtöl milli skipa eða skeyti milli skipa og strandarstöðva innihaldi nokkrar upplýsingar **um ferðir**, fyrirhugaðar ferðir eða **dvalarstað skipa**, sem sigla í millilandaferðum, t. d. hvenær þau komi í eða láti úr ákveðinni höfn, hvenær þau húist við að selja fisk eða landa í erlendri höfn, hvaða skipum þau verði samflota milli landa o. s. frv.
- Ef skip verður vart við tundurdufl utan hinna auglýstu bannsvæða og veit að skip eru nálæg, er þó heimilt að aðvara þau með talstöð skipsins með orðunum: „Fiskveiðar eru hættulegar“ og tiltaka svæðið, en bannað er að ræða þetta efni frekar við skipin. Hins vegar skal skipið tafarlaust tilkynna einhverri af strandarstöðvum landssímans um tundurduflið með talstöð sinni og geta þess, hvenær og hvar duflið sást, með svo nákvæmri staðarákvörðun, sem tók eru á, og lýsa duflinu, svo sem stærð þess og lit, hornafjölda, taka fram, hvort það hafi verið á reki eða marað í kafi o. s. frv.
5. Samtöl, er fela í sér dulmál, beint eða óbeint, eru stranglega bönnuð, svo og samtöl á öðrum tungumálum en íslenzku.
6. Dulmál og símnafni í talskeytum og loftskeytum eru bönnuð og sé fullt nafn viðtakanda og sendandi í hverju skeyti.
7. Öll innbyrðis talskeytavíðskipti, nema neyðarþjónusta og uppköllun annarra stöðva, skal fara fram á 188 metra öldulengd. Hins vegar á að nota 181,8 metra öldulengd til neyðarþjónustu og til þess að kalla upp aðrar stöðvar, en einungis til þess. Í viðskiptum við strandarstöðvar ákveður strandarstöðin í hvert skipti, hvaða öldulengd skip skuli nota.
8. Í hvert skipti, sem skipstalstöð kallar á annað skip eða strandarstöð, skal hún nefna greinilega nafn skipsins, sem hún er í, og umdæmisbókstafi og tölu.
9. **EKKI MÁ TALA BLÍNT**, þ. e. ekki nema við ákveðna stöð, sem hefur svarað kalli.
10. **Talstöð má ekki nota á höfnum inni**, þar sem er símasamband í landi, hvort heldur er á innri eða ytri höfnum eða á hafnarlegum.
11. **Óheimilt er öðrum að tala í talstöð skipsins en þeim, sem hafa talstöðvarvarðarskírteini**, útgefið af póst og símamálastjórninni.
12. Sé innsigli rofið, skal skrá það í dagbók skipsins og ástæðuna fyrir innsiglisrofinu. Það skal einnig tafarlaust tilkynnt póst- og símamálastjórninni við komu skipsins til fyrstu íslenzkrar hafnar.
13. Öll skilríki fyrir rekstri talstöðvarinnar svo sem **leyfisbréf, talstöðvarvarðarskírteini, reglugerðir og reglur** um notkun talstöðva skulu ávallt vera geymd um borð í skipinu með dagbók skipsins.
14. **Leyfisbréf**, er veitir leyfi til þess að hafa talstöð í tilteknu skipi, heimilar ekki án sérstaks leyfis eða óskar frá landssímanum að flytja stöðina í land, t. d. til viðgerðar, eða hafa hana í vörzlum sínum eða annars manns annars staðar en í skipinu.

Leyfisbréfið heimilar heldur ekki að breyta talstöðinni eða bæta við hana nýjum tækjum, heldur þarf að sækja sérstaklega um leyfi til þess í hvert sinn.

Ef stöð er biluð eða þarf að koma henni í land af öðrum ástæðum, skal tilkynna það réttum aðila (viðgerðarmanni eða stöðvarstjóra landssímans), er sér um að stöðin verði flutt á lögmetan hátt.

- 129 15. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri
1. júní refsing liggja við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það,
að brot hafi verið framið í skipi, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust,
þar til málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskirteini, og sé brotið
alvarlegt eða ítrekað, að synja skipinu um leyfi til siglinga til útlanda.
16. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur
um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum, útgefnar af
póst- og símamálastjórninni 1. okt. 1941.

Póst- og símamálastjórnin, 1. júní 1943.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbjörn Aðalsteinsson.

130

2. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum kornvörutegundum
frá 18. sept. 1940.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bannað er að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl,
hafragrjón, haframjöl, hrísgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur nema
fóðurbygg, hafra og fóðurmais, enn fremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem
út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða öðrum innkaupsheimildum frá
skömmtunaryfirvöldum.

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri
matvæla-seðlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

Það telst og brot á reglugerð þessari að kaupa vörur þær, er taldar eru í 1.
mgr. þessarar greinar, án þess samtímis sé skilað reitum af matvæla-seðli eða ann-
arri löglegri innkaupsheimild.

2. gr.

Aftan við 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Bannað er að selja eða láta af hendi matvæla-seðla eða aðrar innkaupsheim-
ildir fyrir peninga eða önnur verðmæti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.